



## Hátíðir

Margar trúarhátíðir búddadóms tengjast atburðum í lífi Búdda en einnig geta hátíðarhöld verið tileinkuð sérstökum helgidómum, til að vegsama mikilvægar kennisetningar eða til að halda upp á merka sögulega atburði. Það er hins vegar mjög mismunandi milli theravadastefnunnar og mahayanstefnunnar hvaða hátíðir eru haldnar. Hátíðir geta einnig verið mismunandi milli landa og í sumum löndum eru margar skrautlegar og líflegar hátíðir. Dagatal búddista miðast við tunglmánuðinn og eru trúarhátíðir yfirleitt haldnar á fullu tungli.



Eftirfarandi hátíðir eru einkum mikilvægar hjá theravadastefnunni og er haldið upp á þær hjá Búddistafélagi Íslands:

Magha Puja hátíðin, öðru nafni Sangha dagur, er haldin á fullu tungli þriðja tunglmánaðar. Þetta er hátíð til heiðurs Sangha munkareglunni.

Vesak hátíðin er stærsta og mikilvægasta hátíð theravastefnunnar. Á þessum degi er fæðingu, uppljómun og dauða Búdda fagnað. Hátíð þessi er haldin á fullu tungli 6. tunglmánaðar, Vesak-mánaðar sem er yfirleitt í maí mánuði.

Asalha Puja hátíðin er haldin á fullu tungli í 8. tunglmánuði, sem er júlí eða ágúst á Íslandi. Þá minnst þeir fyrstu ræðu Búdda í Dádýragarðinum. Á þessum tíma hefst regntímabilið í Suður-Asíu og hefð er fyrir því að munkar dragi sig í hlé inn í hofin yfir regntímann.

**Tunglmánuður** er tíminn á milli tveggja fullra tungla, en það eru 4 vikur.

**Regntíminn** er sá tími sem rignir mikið í heitum löndum. Þess á milli eru langir þurrkartímar þar sem oft rignir ekki neitt.

**Musteri** er bygging þar sem fólk iðkar trú sína og siði tengda átrúnaði sínum.

**Stúpur** eru litlar byggingar sem eru reistar til að minna á Búdda og kenningar hans. Það er hægt að lesa meira um stúpur í kaflanum um tákni og mannvirki.

**Dharmakenningin** er kenning búdda um þjáninguna og lausnina frá henni.

Ok Phansa eða Pavarana hátíðin er haldin þegar regntímanum lýkur. Í 10. tunglmánuði koma munkarnir aftur út á meðal manna og þá er mikil fagnaðarhátíð þar sem fólk fer til munkanna og færir þeim fórnargjafir, svo sem klæði og aðra hluti fyrir klausturlífið.

Ef þessar hátíðir lenda á virkum degi eru hátíðarhöld á Íslandi yfirleitt færð fram á næsta laugardag. Hátíðarhöldin eru öll með mjög svipuðu sniði. Búddistar safnast saman í búddamusterinu, færa munkunum mat og blóm og spjalla saman á meðan munkarnir borða. Þegar þeir hafa lokið máli sínu þá má fólkið einnig borða en það þykir mikill heiður að borða á eftir munkum. Síðan tóna munkarnir ritningavers úr helgiritunum og minna fólk á að lifa í friði við allt og alla. Á Vesak-hátíðinni fer söfnuðurinn einnig í göngu að búddastúpinni í Kópavogi þar sem



gengnir eru þrír hringir í kringum stúpuna með blóm í höndunum. Einn hringur er fyrir Búdda sjálfan, einn er fyrir kenningar hans eða dharmakenninguna og einn er fyrir munkaregluna eða sangha. Blómin eru til að minna á að það að alveg eins og blómin visna fljótt og deyja þá munum við einnig öll deyja og hverfa frá, því ekkert endist að eilífu.

## Spurningar

1. Hvenær í mánuðinum eru trúarhátíðir búddista yfirleitt haldnar?
2. Hver er stærsta og mikilvægasta hátíð theravadastefnunnar, hvenær er hún og hverju er fagnað á þeim degi?
3. Hátíðisdagar búddista eru ekki lögbundnir frídagar á Íslandi. Hvernig bregðast búddistar á Íslandi við því ef þessar hátíðir lenda á virkum degi?
4. Berðu saman hvernig flestir búddistar á Íslandi halda upp á Vesak hátíðina og hvernig kristnir halda upp á jólin.
5. Hvað eiga blómin sem notuð eru við hátíðahöldin að minna á?